



Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 3. febrúar 2022

2201003HA BG  
Málalýkill: 30.22

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um áhafnir skipa, 185. mál**

Hafnasamband Íslands óskar eftir að koma eftirfarandi atriðum að varðandi umfjöllun umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um frumvarp til laga um áhafnir skipa.

Hafnasambandið vill lýsa ánægju sinni með 38. grein og þá sérstaklega 8. lið þar sem fram kemur að heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum um lögskráningarskyldu áhafna tiltekinna skipa, svo sem til hafnsögubáta, dráttarbáta, björgunarskipa og frístundafiskiskipa. Einnig er jákvætt að sjá heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna þegar kemur að fráviki frá lögskráningu skipverja á skip sem halda út í styttri ferðir eða sigla á fleiri en einu skipi sama dag.

Á stærri höfnum sem eiga fleiri en einn dráttarbát eru áhafnir að fara á milli báta í einstök verkefni, jafnvel oft á hverjum degi. Augljóslega fylgir því mikið óhagræði og fyrirhöfn þegar lögskrá þarf hverju sinni einstaka menn á milli báta oft á dag. Mikið hagræði væri fólgið í því að geta lögskráð áhafnir á einn stað sem gildi fyrir alla báta viðkomandi hafna.


Það hefur lengi verið ósk Hafnasambandsins að lög eða reglugerð heimili undanþágu frá margendurteknum daglegum lögskráningum og þar með einfalda núverandi fyrirkomulag og gera höfnum kleift að lögskrá áhafnir dráttarbáta á fleiri en einn bát í eigu sömu hafnar. Ákvæði um heimild til ráðherra til setningu reglugerða sem er að finna í 38. gr. frumvarpsins koma því til móts við sjónarmið og óskir Hafnasambandsins varðandi einföldun í lögskráningum og eru fagnaðarefni.

Hafnasambandið vill einnig vekja athygli á því að á marga minni dráttarbáta er heimilt að sami einstaklingur sé í senn skipstjóri og vélstjóri og hafi að auki háseta með sér í áhöfn. Í núverandi lögskráningarkerfi er ekki gert ráð fyrir því að sami einstaklingur sinni báðum hlutverkum, sem getur valdið misskilningi þegar kemur að endurnýjun atvinnuréttinda og sýna þarf fram á lögskráðan siglingatíma fyrir viðkomandi atvinnuréttindi. Það er ósk Hafnasambandsins að tekið verði tillit til framangreinds í lögskráningarkerfi skipa og hægt verði að skrá sama áhafnarmeðlim sem skipstjóra og vélstjóra.

**Að lokum**

Hafnarsambandið hvetur til þess að heimildir ráðherra til setningu reglugerðar er koma fram í 38. gr. frumvarpsins verði samþykktar og að ráðherra hraði vinnu við setningu reglugerða verði frumvarpið að lögum.

Virðingarfyllst  
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Lúðvík Geirsson  
formaður stjórnar Hafnasambands Íslands